Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Geirsgata 9 · 101 Reykjavík
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501
upplysingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalag.is

Strandgata 29 · 600 Akureyri
Sími: 535-5510 · Fax: 535-5511
upplysingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalag.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1272
komudagur 10.2.2011

Skrifstofa Alþingis
Bt. Nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. febrúar 2011

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu við frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald.**
**Mál:** 359 - **Þskj.:** 459

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald (heildarlög), 359. mál.

Ferðamálastofa fagnar þessu frumvarpi og þeirri vinnu sem liggur til grundvallar henni,. Frumvarpið er afrakstur ýtarlegrar vinnu með aðkomu margra hagsmunaaðila. Ferðamálastofa lýsir yfir ánægju sinni með að nú skuli loks hilla undir fastan tekjustofn til að vinna að uppbyggingu og viðhaldi ferðamannastaða, þjóðgarða og friðlýstra svæða. Stofan fagnar þeim viðfangsefnum sem felast munu í umsjá með sjóðnum, enda mikil reynsla til staðar innan stofnunarinnar í verkefnum sem undir hann falla.

Ferðamálastofa gerir hvorki efnislegar athugasemdir né leggur til breytingar á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri